

Samþykkt í háskólaráði 8. maí 2008

* Með breytingu 26. júní 2008 og 8. júlí 2008

STARFSREGLUR

valnefnda til að undirbúa ákvörðun háskólarektors um ráðningu forseta fræðasviða Háskóla Íslands

1. gr.

Hlutverk og umboð valnefndar.

Rektor skipar eina valnefnd fyrir hvert hinna fimm fræðasviða Háskóla Íslands. Hlutverk valnefndar er að fara yfir umsóknir um starf forseta fræðasviðs og veita háskólarektor umsögn um umsækjendur.

Valnefnd starfar í umboði rektors, skv. nánari ákvæðum í erindisbréfi.

2. gr.

Skipun og hæfi valnefndarmanna.

Rektor skipar fjóra til sjö menn til setu í hverri valnefnd. [Hver deild fræðasviðsins hefur einn fulltrúa í valnefnd en tilnefnir þó tvo, konu og karl. Deildarforsetar fræðasviðsins gera sameiginlega tillögu til rektors um samsetningu valnefndar í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.]* Formaður er skipaður af rektor án tilnefningar. Þá eina má skipa í valnefnd sem hafa prófessors- eða dósentshæfi. Um sérstakt hæfi valnefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnáskilanna nr. 37/1993.

Umsækjendum er send tilkynning um skipan valnefndar og starfsreglur hennar.

3. gr.

Störf valnefndar.

Í erindisbréfi valnefndar kemur fram hver kallar nefndina saman til fyrsta fundar og annast útsendingu gagna. Ennfremur kemur fram hvenær valnefnd skuli hafa lokið störfum.

Áður en nefndin kemur saman hafa valnefndarmenn fengið send gögn umsækjenda.

Nefndin fer yfir öll innsend gögn og ákveður hvort þörf sé á að kalla eftir frekari gögnum eða upplýsingum. Valnefnd tekur þá umsækjendur í viðtal sem hún telur helst koma til greina við valið í starfið. Allir valnefndarmenn skulu taka þátt í viðtölum við umsækjendur, og skal fela einum valnefndarmanna ábyrgð á því að taka skriflega niður efnisatriði sem fram koma í þessum viðtölum.

4. gr.

Umsögn valnefndar.

Valnefnd skilar umsögn sinni skriflega til rektors eins fljótt og auðið er og sem nánar er ákveðið í erindisbréfi. Einstaka valnefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti.

Í umsögn valnefndar skal felast niðurstaða hennar um það hver eða hverjir úr hópi hæfra umsækjenda teljist best til þess fallnir að gegna starfinu á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem liggja til grundvallar ráðningu í starfið.

Umsögn valnefndar til rektors skal fylgja rökstuðningur með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin skal leggja til grundvallar í umsögn sinni, þ.e. um prófessorshæfi, leiðtogahæfileika og metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn, ríka samskiptahæfni og viðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.